

Ársskýrsla foreldraráðs Menntaskólans við Hamrahlíð

Skólaárið 2018-2019

Aðalfundur foreldraráðs var haldinn 18. september 2018. Á dagskrá fundarins var kynnt skýrsla stjórnar og tekið á móti framboðum í nýja stjórn. Sjá fundargerð frá fundinum á heimasíðu skólans.

Veturinn gekk áfallalaust fyrir sig og bárust foreldraráði engin erindi frá foreldrum.

Stjórnin var skipuð á eftirfarandi hátt:

- Halla Sigrún Arnardóttir, formaður
- Ingibjörg Ferdinandsdóttir, meðstjórnandi,
- Kristín Finndís Jónsdóttir, meðstjórnandi
- Unnar Víðisson, meðstjórnandi
- Huguína Helga Ketel, meðstjórnandi
- Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir, fulltrúi í skólanefnd
- Arna Sigurðardóttir, varafulltrúi í skólanefnd
- Sigríður Þ. Þorsteinsdóttir, tengiliður við Heimili og skóla
- Fríður Reynisdóttir, forvarnarfulltrúi og tengiliður við skólann

Á heimasíðu MH má finna upplýsingar um skipan foreldraráðs hverju sinni ásamt upplýsingum um markmið og starfsreglur foreldraráðsins.

Nýja stjórnin byrjaði starfsárið á því að funda með stjórn nemendafélagsins og skólastjórnendum og var foreldraráðið í góðu samstarfi við fulltrúa nemenda og skólans á starfsárinu. Í heild fundaði stjórnin fjórum sinnum yfir skólaárið.

Síðasta starfsár var fyrsta árið þar sem foreldrum var boðið upp á valfrjálssar greiðslur með fram greiðslu skólagjalda. Valfrjálssa greiðslan var 500 krónur og voru viðtökur foreldra mjög góðar. Utanumhald fjárens er í höndum fjármálstýru skólans og kann foreldraráðið henni bestu þakkir fyrir aðstoðina. Markmiðið með þessari fjársöfnun var að styðja við bakið á nemendum.

Foreldraráðið velti fyrir sér hvernig fénu væri best varið í þágu nemenda og kallaði meðal annars eftir hugmyndum frá nemendum og starfsfólki skólans. Það er skemmst frá því að segja að foreldraráðið var afar stolt af því að afhenda nemendum / skólanum eftirfarandi gjafir fyrir hönd foreldra:

- **Borðtennisborð.** Borðið hefur vakið mikla gleði bæði hjá nemendum og starfsfólki skólans og er í stanslausri notkun. Þessi gjöf var í samræmi við hlutverk MH sem heilsueflandi framhaldsskóla
- **Gjafabréf í edrúpott nemenda.**
- **Skjávarpi og tjald** í aðstöðu nemenda í Norðurkjallara
- **Fyrirlestur Bjarts Guðmundssonar**, leikara, á Lagningardögum
- **Fyrirlestur Erlu Sigurðardóttur**, sálfræðings, um svefn á fræðslukvöldi foreldra
- **Peningagjöf til bókasafnsins** til efniskaupa í verkefnasmiðju safnsins ætlaða nemendum
- **Áfengismælar** sem nemendur geta blásið í á böllum til að komast í edrúpott (skólinn greiddi helming af öðrum mælinum)

Fyrir utan aðalfund foreldrafélagsins stóð foreldraráð fyrir fræðslufundi fyrir foreldra um svefn. Undanfarin ár hefur MH verið í samstarfi við Kvennó um fræðslufundi. Leitað var eftir samstarfi við Kvennaskólann og MR. Kvennó sagðist hafa á huga á frekara samstarfi en ekki barst svar frá MR.

Fulltrúi foreldraráðs hefur setið fundi með skólanefnd, einnig sat fulltrúi foreldraráðs skólaping HM á lagningdögum.

Foreldrar komu að raðagæslu á böllum síðasta starfsár og fóru þær skemmtanir vel fram.

Foreldraráðið var að þessu sinni skipað 9 meðlimum. Sá fjöldi er ekki í samræmi við starfsreglur félagsins en ákveðið var að taka þeim fagnandi sem höfðu áhuga á að starfa með ráðinu. Tímabært er að endurskoða starfsreglurnar m.a. með tilliti til fjölda stjórnarmanna og hlutverka þeirra. Einnig þarf að bæta inn í starfsreglurnar ákvæði um viðbótargreiðslur foreldra og hvernig því fé skuli varið. Við úthlutun fjárens á starfsárinu fór foreldraráðið eftir vísan í fundargerð ráðsins frá 28. nóvember 2017 þar sem ákvörðun um að bjóða upp á valfrjálssar greiðslur var samþykkt og segir: „Fjármagninu verður ráðstafað í þágu nemenda. Stjórn foreldraráðs ákveður í hvað fjármagninu verður ráðstafað“.

1. október 2019

Halla Sigrún Arnardóttir